



Borgarráð

Deilihjólaleiga í Reykjavík

Lagt er til að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar verði í samráði við skrifstofu samgöngustjóra falið að útfæra áframhald á deilihjólaverkefninu sem stofnað var til árið 2017. Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar í samráði við samgöngustjóra verði falið að leita tilboða í verkefnið með verðfyrirspurn og gera, í kjölfar samningaviðræðna, þjónustusamning um rekstur deilihjólaleigu (bike sharing system) í Reykjavík til næstu tveggja ára. Gert er ráð fyrir því að framlag borgarinnar til verkefnisins í þeim tilgangi að tryggja gæði þjónustunnar verði að hámarki fimm milljónir á ári. Á meðan þessu tveggja ára tímabili stendur er umhverfis- og skipulagssviði falið að vinna að frekari greiningum, stefnumörkun og undirbúningi ákvarðana um rekstur deilihjóla og annarra sambærilegra samgangna í Reykjavík til lengri framtíðar.

Greinagerð:

Þann 1. september 2014 skipaði borgarstjóri starfshóp um hjólaleigu í Reykjavík. Minnisblað starfshópsins var lagt fram í borgarráði og samþykkt að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til rekstur deilihjólaleigu í Reykjavík. Verkefnið var hluti af samstarfssáttmála meirihlutaflokkanna árin 2014-2018 og er hluti af aðgerðum hjólreiðaáætlunar Reykjavíkurborgar 2015-2020.

Árið 2017 setti Wow Air upp hjólaleigu í samstarfi við Reykjavíkurborg. Það var gert í kjölfar auglýsingar og samningaviðræðna milli flugfélagsins og borgarinnar. Eins og kunnugt er varð Wow Air gjaldþrota í síðasta mánuði og hjólin hafa því ekki verið sett upp.

Til þess að tryggja áframhald verkefnisins er lagt til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar í samráði við samgöngustjóra að leita tilboða í verkefnið með verðfyrirspurn og leggja samningsdrög fyrir borgarráð þegar þau liggja fyrir.

Reynsla af rekstri deilihjólaleiga í borgum sýnir að slíkt á sér nær aldrei stað án stuðnings borgaryfirvalda í viðkomandi landi. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir því að borgin geri þjónustusamning við þá aðila sem nást samningar við m.t.t. verðs, gæða og rekstrarhæfis. Það er gert í þeim tilgangi að tryggja gæði og áreiðanleika hjólaleigunnar, ráða staðsetningum m.t.t. greiningar samgönguskrifstofu og síðast en ekki síst sanngjarnt verð á hjólunum. Framlag borgarinnar til verkefnisins verði að hámarki fimm milljónir á ári yfir tveggja ára tímabilið.

Hjólaleigur (bike sharing systems) hafa tryggt sér sess í fjölmörgum borgum erlendis, sem leggja

áherslur á vistvænar samgöngur. Tilgangur þeirra er að veita fólki aðgang að hjóli fyrir ferðir sínar innan borgarmarkanna.

Framlag borgarinnar verði greitt af árlegum fjármunum til Hjólreiðaáætlunar 2015-2020.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um hjólaleigur og flýtibíla, dags. maí 2015



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: 214080033
Skjalasafn Ráðhúss
08. júní 2015
Bréfalykill: 5800

Hjólaleigur og flýtibílar í Reykjavík





Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðstaða og búnaður	4
Rekstrargrundvöllur	5
Aðgerðaáætlun	7



Inngangur

Þann 1. september 2014 skipaði borgarstjóri starfshóp um hjólaleigu í Reykjavík. Hjólaleigur (bike sharing systems) hafa tryggt sér sess í fjölmörgum borgum erlendis, sem leggja áherslu á vistvænar samgöngur. Tilgangur þeirra er að veita fólki aðgang að hjóli fyrir ferðir sínar innan borgarmarkanna.

Minnisblað starfshópsins um hjólaleigur hefur verið lagt fram í borgarráði.

Á fundi borgarráðs þann 23. október 2014 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 21. október 2014, samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki að til viðbótar við þegar skilgreind verkefni starfshóps um hjólaleigu í Reykjavík bætist eftirfarandi verkefni við: Að greina kosti þess að innleiða flýtibíla í Reykjavík. Að skoða hvernig megi nýta bílastæðahús borgarinnar betur sem tengistöð ólíkra samgöngumáta.

Starfshópin skipa:

Ólafur Bjarnason, umhverfis- og skipulagssviði, formaður.

Hildur Gunnlaugsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

Ellý K. Guðmundsdóttir, borgarritari

Hrólfur Jónsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, fjármálaskrifstofu

Einar Þór Bárðarson, menningar- og ferðamálasviði

Á fundi starfshóps hafa komið Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, Kristján Bergmann Sigurbjörnsson markaðsstjóri Hertz bílaleigu og Óskar J. Sandholt skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs.



Aðstaða og búnaður

Hjólaleigur

Starfshópurinn telur skýrar línur liggja fyrir um hvaða stefnu beri að taka við uppsetningu hjólaleigukerfis í Reykjavík.

Aðkoma borgaryfirvalda verði fyrst og fremst fólgin í sköpun aðstöðu en sérhæfðir aðilar sjái um uppsetningu og allan rekstur. Á norðurlöndunum eru tveir stórir aðilar með rekstur víða um lönd sem hafa sérhæft sig rekstri sem þessum. Leiga hjóla og auglýsingar standa undir fjármagnskostnaði og rekstri. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti eftir samningum við slíka aðila. Greiðslumáti grundvallast á tengingu við farsíma eða kort notanda, annað hvort almennt greiðslukorti eða sérútféið greiðslukort. Mikilvægt er að þekkja leigjanda og hann beri ábyrgð á hjólinu og skilum á því.

Markhópur eru ALLIR, almennir borgarar, innlendir og erlendir ferðamenn, starfsmenn á leit til og frá vinnu svo dæmi sé tekið. Erlendis er greint á milli skammtímaleigu og okt. 2014 langtímaleigu. Hér er í upphafi fyrst og fremst horft til skammtímaleigu – nokkrar klukkustundir í senn.

Staðsetningar á hjólaleigum eru almennt í miðborg eða í nánd miðborgar. Miðpunktur er einatt við lestarstöð/samgöngumiðstöð. Lagt er til að hjólaleigustöðvar í Reykjavík verði í upphafi í nánd miðborgar, við BSÍ, HÍ, HR, Kvos - Hörpu, Hlemm og Kringlu. Áhugi einstakra stórra vinnustaða eða framhaldsskóla getur skipt máli varðandi staðsetningu. Tenging við aðra ferðamáta er mikilvæg, fyrst og fremst tenging við almenningssamgöngur. Hjólaleigur tengist biðstöðvum eða endastöðvum almenningssvagna. Einnig var ræddur innan hópsins möguleiki að samspili við bílastæðahús og jafnvel leigubifreiðar. Reiknað er með að hjólaleiga verði ekki rekin nema að takmarkuðu leyti yfir veturinn. Því er gert ráð fyrir að hjólaleigurnar verði úti enda er það reynsla borga erlendis að betra sé að reka slíkar leigur eingöngu yfir sumarmánuðina t.d. maí til loka október.

Flýtibílar

Talið er æskilegt að tengja þessa þjónustu saman landfræðilega þ.e. hjólaleigurnar og flýtibílanana. Þá þannig að á sem flestum stöðum sem flýtibílaeiga er staðsett sé einnig þar rétt hjá hjólaleiga. Auk þess sé nauðsynlegt að tengja þjónustuna almenningssamgöngum og einnig bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar. Með þessu móti verði almenningi gert auðvelt fyrir að taka strætó eða einkabílinn til miðborgarinnar og nýta sér síðan þessa þjónustu í framhaldinu til að reka sín erindi í borginni. Jafnframt er gert ráð fyrir að hjólaleigur geti verið á fleiri stöðum en flýtibílar og þá sé hægt að hjóla á flýtibílaeigurnar og skila hjólinu þar o.s.frv.

Þá er einnig talið jákvætt að aðstaða flýtibílananna verði inni í bílahúsum borgarinnar til að byrja með. Það auðveldar allan rekstur stöðvanna t.d. að vetri til að hafa þær innan húss. Þess vegna er lagt til að Reykjavíkurborg leggi til ákveðna aðstöðu í bílastæðahúsunum undir þessa



þjónustu í útboði. Þá er bent á að finna megi fleiri hentuga staði í samstarfi við einkaaðila eins og í Hörpukjallaranum, bílakjallarann á Höfðatorgi og á fleiri stöðum. Í einhverjum tilvikum gæti verið hagstætt að koma slíkum flýtibílastöðvum upp í tengslum við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. En það er helst velferðarsvið sem notar mikið af bílum vegna sinnar þjónustu. Víða eru einkareknir bílastæðakjallarar sem hugsanlega mætti koma slíkri þjónustu fyrir í. Er þá aðallega horft til þess að koma þessari þjónustu líka út í úthverfin ef að eftirspurn eftir henni reynist nægjanleg. Þá má einnig velja eina eða fleiri stöðvar úti til samanburðar.

Gerð er krafa um að flýtibílastöðvar verði rafmagnsbílar (rafgeymabílar), alfarið rafknúnir. Það er afar mikilvægt í umhverfislegu tilliti, en einnig fyrir ásýnd borgarinnar og orðspor í umhverfismálum. Þannig má draga úr notkun bíla í borginni sem brenna jarðefnaeldsneyti. Til að hvetja almenning til að nota bílana þá fái þeir frítt í öll stæði borgarinnar. Rafmagnsbílar á markaðnum hér á landi eru dýrir og rafhleðsla þeirra dregur ekki langt. Erlent fyrirtæki hefur kynnt bíla með 300 km hleðslu fyrir samkeppnishæft verð. Skilyrði þeirra er þó að ákveðinn fjöldi bíla verði til staðar í landinu, fleiri bílar en Reykjavíkurborg ein getur keypt. Það er því spurning um að eiga samstarf við fyrirtæki í borginni um sameiginlegt útboð á bílum.

Rekstrargrundvöllur

Hjólaleigur

Á norðurlöndunum eru tveir stórir aðilar með rekstur víða um lönd sem hafa sérhæft sig rekstri sem þessum. Leiga hjóla og auglýsingar standa undir fjármagnskostnaði og rekstri. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti eftir samningum við slíka aðila. Greiðslumáti grundvallast á tengingu við farsíma eða kort notanda, annað hvort almennt greiðslukorti eða sérútgefið greiðslukort. Mikilvægt er að þekkja leigjanda og hann beri ábyrgð á hjólinu og skilum á því. Markhópur eru ALLIR, almennir borgarar, innlendir og erlendir ferðamenn, starfsmenn á leið til og frá vinnu svo dæmi sé tekið. Erlendis er greint á milli skammtímaleigu og langtímaleigu. Hér er í upphafi fyrst og fremst horft til skammtímaleigu – nokkrar klukkustundir í senn. Kostnaður borgarinnar verður að líkindum bundinn við aðstöðusköpun, útvegum lands og lagnatengingar.

Flýtibílar

Fyrir nokkru stóð Reykjavíkurborg fyrir því ásamt fleiri fyrirtækjum að skoða möguleika á svokallaðri flýtibílaþjónustu í Reykjavík. Haft var samband við allar helstu bílaleigurnar og fenginn hingað heim sérfræðingur frá Gautaborg til að kynna fyrir okkur og þeim hvernig fyrirkomulagið væri í Gautaborg. Var haldinn fundur með Orkuveitunni og fleiri aðilum. Síðan var einnig haldinn opinn kynningarfundur í Tjarnarbíó. Niðurstaðan eftir þessa skoðun þá var sú að verkefnið gæti verið áhugavert. Hins vegar var ljóst að erfitt gæti verið að fá fyrirtæki til að bjóða slíka þjónustu vegna kostnaðar við að koma búnaði fyrir í bílunum og aðstöðu vegna þjónustunnar.

Líkt og með hjólaleigurnar verður aðkoma borgaryfirvalda fyrst og fremst fólgin í sköpun aðstöðu en sérhæfðir aðilar sjái um uppsetningu og allan rekstur. Flýtibílaþjónusta er rekin í



borgum víða um heim undir mismunandi formerkjum. Til að renna stoðum undir reksturinn er mikilvægt að Reykjavíkurborg verði viðskiptavinur flýtibílafyrirtækis fyrir sína starfsmenn. Slík þjónusta verði þess vegna boðin út samhliða aðstöðunni í bílastæðahúsunum. Í útboði mætti takmarka aðgang borgarinnar að bílum á sumrin en þá eru fleiri bílar í útleigu hjá þeim og sumarleyfi í gangi hjá okkur. Auk þess leiti Reykjavíkurborg til stórra fyrirtækja um þátttöku í slíku útboði. Slíkt samstarf gæti tryggt grundvöll þessarar þjónustu. Auglýsa mætti eftir fyrirtækjum, en einnig endurvekja aftur samstarfið sem var í gangi um könnun þessarar þjónustu árið 2012. Svo virðist sem kostnaður við búnað í flýtibíla og aðstöðu hafi lækkað nokkuð með tilkomu nýrrar tækni.

Útlit er fyrir að rekstur flýtibíla hefjist innan tíðar í Höfðatorgi í tilraunaskyni. Þeir bílar verða ekki rafknúnir. Reykjavíkurborg stefnir að þátttöku í verkefnum. Engu að síður telur starfshópur mikilvægt að Reykjavíkurborg verði stórnótandi í rekstri flýtibíla.

Flýtibílar styðja samgöngustefnu borgarinnar með margvíslegum hætti:

- Tækifæri gefst til að hvetja til notkunar almenningsvagna með sérstökum samningum við Strætó bs. Sama gildir um möguleg samstarfsfyrirtæki um flýtibílaekstur.
- Sérstakt tækifæri gefst nú þegar bílasamningum við starfsmenn hefur verið sagt upp. Eins má velta upp leiðum til að styðja við hjólreiðar starfsmanna. Færri koma á eigin bíl til vinnu.
- Rafmagnsbílar minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda og nýta innlenda endurnýjanlega orku.



Aðgerðaáætlun

Aðgerð	Ábyrgðaraðili
Skilgreina staði sem Reykjavíkurborg býður undir þjónustu flýtibíla og hjólaleigu.	USK
Leita eftir samningum um samstarf við aðila sem hafa sérhæft sig í rekstri hjólaleiga og flýtibíla.	IKD+SEA
Leita eftir áhugasömum aðilum í forvali fyrir þjónustuútbod á flýtibílum og hjólaleigu.	IKD+SEA
Skoða hvort sameiginleg innkaup með fyrirtækum á rafmagnsbílum komi til greina.	IKD+SEA
Skrifa útbodsgögn vegna annars vegar aðstöðunnar og hins vegar þjónustukaupa.	IKD+SEA
Ræða við Orkuveituna um rafmagnshleðslustöðvar fyrir flýtibílaþjónustuna.	SBB+SEA+USK
Áætla kostnað vegna viðskipta við flýtibílaeigur og hjólaleigur (Bílar/hjól + búnaður fastagjald +leiga.	IKD+SEA